

Reykjavík, 5. apríl 2017

Ágæti trúnaðarmaður

Efni: Kosning trúnaðarmanns fyrir kjörtímabilið 2017 til 2019

Nú lýkur kjörtímabili trúnaðarmanna 2015-2017 í maí. Kjörtímabil trúnaðarmanna er tvö ár.

Það er í verkahring núverandi trúnaðarmanns SFR að tryggja að kjörstjórn sé skipuð. Kjörstjórn skal sjá til þess að kosning eigi sér stað á vinnustað þínum fyrir **31. maí næstkomandi**. Meðfylgjandi eru upplýsingar um hvernig standa beri að kosningunni.

Ef einhverjar spurningar vakna um framkvæmd kosningarinnar endilega hafðu þá samband við Ölmú (alma@sfr.is) á skrifstofu SFR.

Meðfylgjandi:

- Framkvæmd kosninga (fylgiskjal 1). Upplýsingar um hvernig standa skuli að kosningu trúnaðarmanna.
- Auglýsing vegna kosninganna (fylgiskjal 2). Mikilvægt er að hengja auglýsinguna upp á áberandi stað og að þú kynnir kosningarnar og mikilvægi þeirra fyrir samstarfsmönnum þínum.
- Tilkynning um kjör trúnaðarmanns 2017-2019 (fylgiskjal 3). Nauðsynlegt er að eyðublaðið sé fyllt út og sent í pósti fyrir 31. maí til skrifstofu SFR, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Einnig má senda það í bréfasíma 525-8349 eða með rafrænum hætti á www.sfr.is. Best er að fylla út tilkynninguna um kjör trúnaðarmanna rafrænt á vef SFR.

Með kveðju,



Árni Stefán Jónsson
formaður SFR

Alma Lía Jóhannsdóttir
kjara- og félagssvið SFR